



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

SAMÚÐARKVEÐJA TIL KONUNGS SVÍÞJÓÐAR

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, hefur í dag, föstudaginn 7. apríl 2017, sent Karli XVI Svíakonungi samúðarkveðju fyrir hönd íslensku þjóðarinnar vegna hryðjuverksins sem unnið var í miðborg Stokkhólms í dag.

Í kveðjunni segir forseti að hugur okkar Íslendinga sé hjá þeim sem nú eigi um sárt að binda. Með þessari árás sé vegið að grunnildum samfélagsins. „Við sem viljum verja lýðræði, frelsi og mannréttindi verðum að standa saman gegn öflum öfga og ógnar.“

7. apríl 2017

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).